

veitist, samkvæmt samþykki áfrýjanda, viku framhalds-
frestur í málinu til andsvara.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist viku framhaldsfrestur í málinu til
andsvara.

Mánudaginn 17. desembermánaðar.

Nr. 44/1906:

Hið opinbera
gegnum
Ólafi Jónssyni.

Dómur:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, upp-
kveðnum 13. júní þ. á. var hinn kærði Ólafur Jónsson
snikkari dæmdur fyrir brot gegnum lögreglusamþykkt Reykja-
víkurkaupstaðar 15. nóv. 1890, 10. gr., í 15 kr. sekt
til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða allan af mál-
inu leiðandi kostnað. En dómi þessum hefir eftir beiðni
kærða verið skotið til yfirdómsins.

Hinn 15. maí síðastliðinn tóku lögregluþjónar
Reykjavíkur fastan Norðmann, er var mjög drukkinn
á götum bæjarins og gjörði þar óspektir, og voru á
leið með hann í fangahúsið þar til að setja hann þar
inn yfir nóttina, en maðurinn veitti svo meгна

mótspyrnu, að lögregluþjónarnir urðu að krefjast aðstoðar til að koma honum áfram hjá þeim er við voru staddir. Kvöddu þeir þá meðal annara kærða til hjálpar sér, en hann neitaði að veita nokkra hjálp og hvatti jafnvel aðra til hins sama með því að segja að maðurinn væri tekinn saklaus og illa með hann farið, enda steytti hnefana framan í lögregluþjónana.

Kærði hefir kannast við að hann hafi neitað að sinna kröfum lögregluþjónanna um aðstoð við nefnt tækifæri, en hann hefir neitað hinu, að hann hafi hvatt aðra til að veita eigi hjálp, og að hann hafi steytt hnefana framan í lögregluþjónana, en hvorttveggja þetta síðartalda er sannað nægilega með eiðfestum skýrslum tveggja lögregluþjónanna.

Kærði hefir fært það til afsökunar því, að hann skoraðist undan að gegna skipun lögregluþjónanna, að hann hafi heilsu sinnar vegna eigi mátt leggja á sig áreynslu. Hann bar þó eigi neitt slíkt fyrir sig, er hann neitaði lögregluþjónunum um aðstoð sína, og með læknisvottorðum þeim, er hann hefir fram lagt í málinu frá praktiserandi lækni hér í bænum, eru eigi rök færð fyrir því, að heilsu kærða hafi verið svo varið, að hann hafi getað skorast undan að láta aðstoð sína í té við umrætt tækifæri.

Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn fyrnefndri grein lögreglusamþykta Reykjavíkur, og með því að sekt sú, er ákveðin er í lögregluréttardóminum, 15 kr., eigi þykir of hátt sett, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm að öllu leyti. Kærða ber og að greiða allan af áfryjun málsins málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun sækjanda

og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Olafur Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 33/1906:

Pétur M. Bjarnarson

gegn

Jóni Laxdal fyrir hönd Emil Strand.

D ó m u r:

Í máli þessu lögsótti verzlunarstjóri Jón Laxdal á Ísafirði fyrir hönd Emil Strand sama staðar kaupmann Pétur M. Bjarnarson á Ísafirði til endurgreiðslu á 500 kr. og til skaðabótageiðslu, hvorttveggja út af kaupum á meðalalýsisbræðslustofnun í Bolungarvík, er áfrýjandi